

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1989

12. júní 1989

513

Nr. 284

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Frá og með 13. júní 1989 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæðum sem markast þannig:

1. Að vestan af 21°22'V og að austan af 20°34'V
2. Að vestan af 19°30'V og að austan af 18°40'V
3. Að vestan af 16°40'V og að austan af 16°30'V.

Að sunnan markast svæði skv. 1. og 3. tl. af línu, sem dregin er fjórar sjómílur frá viðmiðunarlínu og svæði skv. 2. tl. af línu, sem dregin er þrjár sjómílur frá fjörumarki sbr. 3. gr. l. nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 196 19. apríl 1989, um bann við tog- og dragnótaveiðum á svæðum fyrir Suðurlandi ásamt breytingu nr. 274 2. júní 1989.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.